

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 12, Pósthólf 10, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, fax 456-7088

Bolungarvík 9. júlí 2018

Fjórðungssamband Vestfirðinga
Aðalsteinn Óskarsson
Árnagötu
400 Ísafjörður

Kosning fulltrúa í heilbrigðisnefnd Vestfjarða.

Samkvæmt lögum nr. 7/1998 skal kjósa heilbrigðisnefnd eftir hverjar sveitastjórnarkosningar. Nefndin er 6 manna. Sveitafélögin kjósa **5 fulltrúa** og atvinnurekendur á svæðinu tilnefna einn. Hér hefur sá háttur hafður að kjósa nýja heilbrigðisnefnd á Fjórðungspingi. Fjórðungsping er samstarfsvettvangur sveitarfélaganna á starfssvæði heilbrigðiseftirlits og því eðlilegt að heilbrigðisnefndin sé kjörin þar. Á Fjórðungspingi sem haldið verður dagana 5-6. október á Ísafirði þarf að kjósa 5 fulltrúa í heilbrigðisnefnd.

Það er styrkur okkar hér fyrir vestan að hér hefur ávallt verið lögð rík áhersla á að heilbrigðisnefnd sé fagnefnd. Heilbrigðisnefnd Vestfjarða er skipuð hæfu fagfólki með mikla reynslu og er það mikill styrkur fyrir starfsemi embættisins.

Meðfylgjandi er smá samantekt um heilbrigðisnefndina, starfsemina 2017 og þær lagagreinar sem fjalla um heilbrigðisnefnd.

Með kveðju



Anton Helgason
Framkvæmdastjóri
Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða

Stjórnsýsluleg staða

Stjórnsýslulega er heilbrigðiseftirlit á vegum sveitarfélaga. Heilbrigðiseftirlit er rekið skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br. en þar segir m.a. „Ekkert sveitarfélag skal vera án heilbrigðiseftirlits“ og „Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar, starfa á hverju svæði“. Heilbrigðisnefnd Vestfjarða er kosin á Fjórðungsþingi eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis nær yfir Vestfjarðakjálkann, skorinn frá um botn Gilsfjarðar og þvert yfir í Bitruna.

Landinu er skipt upp í 10 svæði og starfar heilbrigðisnefnd á hverju svæði. Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi voru stofnuð árið 2000 og er megintilgangur þeirra að vera málsvari, samráðs- og samstarfsvettvangur heilbrigðiseftirlitssvæða. Samtökin eru skipuð framkvæmdastjórum heilbrigðiseftirlitssvæðanna og formönnum heilbrigðisnefnda á landinu öllu. Samtökin hafa að markmiði að standa vörð um heilbrigðiseftirlit á Íslandi og stuðla að árangursríku, óháðu og faglegu eftirliti. Svæðisskiptingu landsins má sjá á www.shi.is

Heilbrigðisnefnd

Í heilbrigðisnefnd eiga sæti fimm menn, kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum, þar af skal einn vera formaður. Samtök atvinnurekenda og náttúruverndarnefndir sveitarfélaga á eftirlitssvæðinu eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa hvor í nefndina til viðbótar. Heilbrigðisnefnd var kosin á 59. fjórðungsþingi Vestfirðinga sem haldið var dagana 3. og 4. október 2014 á Þingeyri. Í ár eru sveitarstjórnarkosningar 26. maí, lagt er til að heilbrigðisnefnd haldi umboði sínu fram að Fjórðungsþingi (haustþing) þar sem ný heilbrigðisnefnd verður valin. Við val í heilbrigðisnefnd hefur landfræðileg staðsetning nefndarmanna tekið mið af gömlu heilbrigðisnefndunum og endurspeglar þannig svæðið sem unnið er á en einnig hefur fagþekking og reynsla ráðið miklu.

Heilbrigðisnefnd

Jón Reynir Sigurvinsson, formaður
Kristján G. Jóakimsson
Sólrún Geirsdóttir
Jón Hörður Elíasson
Kolfinna Guðmundsdóttir
Fulltrúi atvinnurekenda
Einar Valur Kristjánsson

Varamenn

Hjalti Karlsson
Hildur Halldórsdóttir
Hildur Elísabet Pétursdóttir
Ingibjörg Kristjánsdóttir
Eva Dögg Jóhannesdóttir

Hólmfríður Vala Svavarsdóttir

Fundir heilbrigðisnefndar 2017

Heilbrigðisnefnd fundaði 5 sinnum á árinu 2017.

Þann 10. febrúar um ársreikning 2016. Kynnt var skýrsla um neysluvatn 2013-2016

Þann 12. maí var fjallað um afstöðu ríkissaksóknara vegna kærur er varðar Mýraboltabrennu, frumvarp um breytingu á hollustuháttalögum og skýrslu um matvælastofnun. Þann 25. ágúst um húsnæðismál og endurnýjun á bíl, ásamt skýringum við auknu flækjustigi vegna gistingar. 27. október var fundað um fjárhagsáætlun fyrir 2018 og 8. desember um viðbrögð við fjárhagsáætlun.

Tafla 1. Afgreiðslur heilbrigðisnefndar eftir árum

Afgreiðslur heilbrigðisnefndar eftir árum				
	2014	2015	2016	2017
Fjöldi funda	4	5	6	5
Starfsleyfi	37	47	63	55
Tímabundin starfsleyfi	4	3	3	1
Brennuleyfi	20	25	25	21
Tóbakssöluleyfi	3	3	9	13
Undanþágur vegna sölu á tóbaki	18	5	8	8
Umsagnir um tækifærisleyfi	39	33	29	36
Umsagnir um rekstrarleyfi			64	30
Umsagnir um skipulagsmál	13	30	20	29
Áminningar	23	4		9

Það eru heilbrigðisfulltrúar í umboði heilbrigðisnefnda sem hafa það starf að framfylgja ákvæðum laganna um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum um matvæli sem og öllum reglugerðum settum samkvæmt þeim. Heilbrigðisfulltrúar sinna öllu daglegu heilbrigðiseftirliti á svæðum nefndanna og afgreiða mál og umsagnir í umboði þeirra og þá með fyrirvara um samþykki nefndarinnar. Milli funda er unnið í samráði við formann heilbrigðisnefndar.